



Reglugerð
sjúkrasjóðs
Verkalýðsfélags
Vestfirðinga

REGLUGERÐ SJÚKRASJÓÐS VERKALÝÐSFÉLAGS VESTFIRÐINGA

1. grein. Nafn sjóðsins og varnarþing

Sjóðurinn heitir Sjúkrasjóður Verkalýðsfélags Vestfirðinga.

Sjóðurinn er eign Verkalýðsfélags Vestfirðinga (Verk Vest). Heimili hans og varnarþing er á Ísafirði.

2. grein. Verkefni sjóðsins og félagar

Sjúkrasjóðurinn er félagslegur samtryggingasjóður sjóðsfélaga. Sjóðsfélagar eru þeir sem skilað er af umsömdu iðgjaldi af launum til sjóðsins samkvæmt kjarasamningum sem félagið er aðili að.

3. grein. Markmið

Tilgangur sjóðsins er að styrkja sjóðfélaga sem missa atvinnutekjur vegna sjúkdóms eða slysa, með greiðslu dagpeninga, svo og greiðslu útfararkostnaðar eftir þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð þessari. Sjóðurinn getur varið fé til að stuðla að bættu heilsufari sjóðfélaga með framlögum til rannsókna og fyrirbyggjandi verkefna á sviði heilbrigðis- og öryggismála. Styrkir til stofnana og félagasamtaka skulu ákveðnir af félagsstjórn hverju sinni.

4. grein. Tekjur sjóðsins

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins.
- b) Vaxtatekjur.
- c) Gjafir, framlög og styrkir.
- d) Aðrar tekjur sem aðalfundur félagsins kann að ákveða hverju sinni.

5. grein. Innheimta sjóðsgjalda

Gjald til sjóðsins af heildarlaunum félagsmanna skal ákveðið í kjarasamningum milli Verkalýðsfélags Vestfirðinga og atvinnurekanda. Innheimtu gjaldsins annast aðalskrifstofa félagsins.

6. grein. Afgreiðsla sjóðsins

Afgreiðsla sjóðsins skal vera í aðalskrifstofu Verkalýðsfélags Vestfirðinga og þjónustuskrifstofum félagsins.

7. grein. Rekstur sjóðsins og dagleg umsjón

Fela skal aðalskrifstofu Verk Vest fjárreiður og umsjón með sjóðnum. Þó skal halda bókhaldi sjóðsins aðskildu frá öðrum fjárreiðum félagsins. Ávallt skulu liggja fyrir gögn um rétt einstaklings til greiðslu úr sjóðnum.

Sjóðurinn greiðir allan kostnað sem af rekstri hans leiðir. Félagsstjórn er heimilt að verja allt að 30% af tekjum sjóðsins til að standa straum af kostnaði við rekstur hans. Þá má verja af fé sjóðsins til skrifstofutækja allt að helmingi á móti félagssjóði, enda séu þau eign sjóðsins í sama hlutfalli.

Framkvæmdastjórn sjóðsins felur einum starfsmanna Verk Vest að hafa yfirumsjón með umsóknum og úthlutunum úr sjóðnum.

8. grein. Stjórn sjóðsins

Stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga fer með yfirstjórn sjúkrasjóðs og ber ábyrgð á öllum fjárreiðum hans sbr. 7. kafla laga félagsins.

Stjórn Verk Vest skal gera tillögu til aðalfundar um þrjá fullgilda félagsmenn til að fara með daglega stjórn sjóðsins og tvo til vara. Sú stjórn kallast framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs Verkalýðsfélags Vestfirðinga. Framkvæmdastjórn sjóðsins tekur laun fyrir fundarsetu samkvæmt ákvörðun aðalfundar.

Framkvæmdastjórn skiptir með sér verkum. Einn stjórnarmanna skal vera formaður, annar ritari og þriðji meðstjórnandi. Tilkynna skal félagsstjórn Verk Vest um verkaskiptingu.

Verkefni framkvæmdastjórnar sjóðsins er að vera þeim starfsmanni/mönnum Verk Vest er fara með daglega úthlutun úr sjóðnum til ráðgjafar, fara yfir úthlutanir mánaðarlega áður en greitt er úr sjóðnum skv. 13. grein (dagpeningar og dánarbætur), sinna eftirliti með greiðslum úr sjóðnum og úrskurða í vafaatriðum.

Formaður Verk Vest getur ekki átt sæti í framkvæmdastjórn sjóðsins en stjórn félagsins og starfsmaður sjúkrasjóðs skulu fá allar fundargerðir framkvæmdastjórnar áður en greitt er úr sjóðnum samkvæmt ákvörðunum framkvæmdastjórnar.

Stjórnun sjóðsins skal vera í samræmi við þau sjónarmið sem gilda skv. almennum stjórnarsýslulögum.

Stjórnarmenn framkvæmdastjórnar svo og þeir starfsmenn Verk Vest sem koma að störfum fyrir sjóðinn skulu undirrita sérstaka trúnaðaryfirlýsingu um störf þeirra í þágu sjóðsins.

9. grein. Afgreiðsla umsókna

Minnst 4 almanaksdögum fyrir reglulega úthlutun úr sjóðnum skal formaður framkvæmdastjórnar halda fund um þær umsóknir sem greiða skal út um næstu mánaðarmót á eftir. Fundinn skal boða með 2ja daga fyrirvara. Fund framkvæmdastjórnar skal sá starfsmaður sem stjórnin hefur valið til að sjá um daglega úthlutun úr sjóðnum, jafnframt sitja, en án atkvæðisréttar. Formanni Verk Vest er heimilt að sitja fundi framkvæmdastjórnar ef hann óskar, en án atkvæðisréttar.

Allar umsóknir um dagpeninga og bætur skv. 13. gr. skal starfsmaður sjúkrasjóðs undirbúa og leggja fyrir framkvæmdastjórn til afgreiðslu. Telji starfsmaður vafa á réttmæti umsóknar skal hann kynna framkvæmdastjórn ástæður þess. Framkvæmdastjórn úrskurðar þá um umsókn sjóðsfélaga og gætir þess í hvívetna að úthlutunin brjóti ekki í bága við reglugerð sjóðsins.

Starfsmaður hefur heimild félagsstjórnar til að afgreiða styrki skv. 16. gr (aðrir styrkir) og 17. gr. (lðgjaldatengdir styrkir) og þurfa þær umsóknir alla jafna ekki sérstaka umfjöllun framkvæmdastjórnar sjóðsins. Komi upp álitamál um styrkveitingar skal starfsmaður sjóðsins leggja þær umsóknir fyrir framkvæmdastjórn til úrskurðar.

Ritari framkvæmdastjórnar skal færa fundargerð, þar sem einungis er greint frá umsókn, svo og ákvörðun framkvæmdastjórnar.

Starfsmaður Verk Vest er annast daglegar úthlutanir úr sjóðnum skal reglulega, ekki sjaldnar en á 3ja mánaða fresti gera formanni framkvæmdastjórnar og formanni Verk Vest grein fyrir úthlutunum síðastliðinna 3ja mánaða. Skal greinargerðin gera grein fyrir úthlutunum dagpeninga og styrkja og greina styrki í undirflokk.

Meðferð allra mála sjúkrasjóðs skal fara eftir almennum stjórnsýslureglum og starfs- og siðareglum félagsins. Þannig skal öllum synjunum við umsóknum úr sjóðnum svarað skriflega.

Nánar skal fjallað um ferli umsókna í Verklagsreglum Sjúkrasjóðs Verkalýðsfélags Vestfirðinga.

10. grein. Umsókn og læknisvottorð

Sá sem æskir greiðslu dagpeninga skal leggja fram skriflega umsókn til sjóðsins ásamt læknisvottorði er tilgreini þann dag sem hlutaðeigandi veiktist eða slasaðist og hvenær hann varð eða verður vinnufær á ný. Ennfremur starfsvottorð atvinnurekanda um starfshlutfall síðustu 12 mán. og hvenær launagreiðslum lauk. Sjóðurinn endurgreiðir umsækjendum kostnað af læknisvottorðum vegna umsóknar sé umsókn gild og tekin til greina. Eyðublöð fyrir umsóknir lætur sjóðsstjórn gera og lætur umsækjendum í té.

Heimilt er stjórn sjóðsins að krefjast þess að umsækjandi um dagpeninga leggi fram vottorð frá sérstökum trúnaðarlækni sjóðsins.

11. grein. Áfrýjun ákvarðana og frestun greiðslna

Sjóðfélögum sem telja á sér brotið við afgreiðslu styrkumsóknar er heimilt að skjóta þeim ágreiningi til félagsstjórnar Verk Vest. Um málsmeðferð fer að venjulegum stjórnsýslureglum og starfs- og siðareglum félagsins eftir því sem við á og eru úrskurðir félagsstjórnar endanlegir og bindandi.

Telji stjórn Verk Vest ákvörðun framkvæmdastjórnar ekki standast reglugerð sjóðsins er henni heimilt að fresta greiðslum úr sjóðnum og skal formaður félagsins þá boða til fundar félagsstjórnar Verk Vest innan 5 daga og fjalla um málið þar. Ákvörðun félagsstjórnar er endanleg og bindandi.

12. grein. Réttur til dagpeninga

Rétt til styrkveitinga úr sjóðnum eiga þeir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum.

1. Einungis þeir sem sannanlega greiða eða er greitt af til sjóðsins og verið er að greiða fyrir til sjóðsins þegar réttur til aðstoðar myndast.
2. Þeir sem greidd hafa verið af til sjóðsins iðgjöld skv. kjarasamningum í a.m.k. 6 mánuði.
3. Hafi umsækjandi verið fullgildur aðili í sjúkrasjóði annars félags innan ASÍ þar til hann byrjar greiðslu til sjóðsins.
4. Hafi iðgjöld til sjúkrasjóðs ekki verið greidd vegna sjóðfélaga, en hann getur fært sönnur á að félagsgjöld til félagsins hafi samkvæmt reglulega útgefnum launaseðlum verið dregin af launum hans síðustu 6 mánuði, skal hann njóta réttar eins og iðgjöld til sjúkrasjóðs hafi verið greidd.
5. Réttur til bóta miðast við greiðslu iðgjalds. Óheimilt er að skapa sér rétt til bóta með greiðslu iðgjalda aftur í tímann.
6. Slysadagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna bótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. bifreiðaslysa, þar sem bætur greiðast skv. skaðabótalögum.

13. grein. Dagpeningar og dánarbætur

a) Dagpeningar greiðast frá og með fyrsta degi eftir að samningsbundinni eða lögákveðinni greiðslu frá atvinnurekanda lýkur. Dagpeningar greiðast í veikinda- og slysaforföllum í 120 daga (4 mánuði). Dagpeningar skulu að viðbættum bótum almannatrygginga, greiðslum úr slysatryggingu launafólks eða annarri lögbundinni tryggingu, vera 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.

b) Dagpeningar greiðast í 90 daga (3 mánuði), að loknum kjarasamningsbundnum greiðslum launagreiðanda vegna langveikra og alvarlega fatlaðra barna. Greiðslur skulu vera 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum. Með langveikum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlegan og/eða langvinnan sjúkdóm og þarfnast sérstakrar umönnunar. Með alvarlega fötluðum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlega greindarskerðingu, geðraskanir eða alvarlega líkamlega hömlun og þarfnast sérstakrar umönnunar.

c) Dagpeningar greiðast í 90 daga (3 mánuði) vegna mjög alvarlegra veikinda maka. Greiða skal 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.

d) Dánarbætur, kr. 390.244 greiðast til eftirlifandi maka, barna hans undir 18 ára aldri eða dánarbús við andlát sjóðfélaga sem greitt hefur verið af til sjóðsins síðustu 6 mánuði af starfsævi hans. Ef liðin eru 5 ár eða meira síðan sjóðfélagi hætti störfum greiðast kr. 173.441. Skilyrði greiðslu er að hinn látni hafi verið sjóðfélagi Verk-Vest samfelld síðustu 5 ár vegna aldurs eða örorku. Séu greiddar dánarbætur vegna hins látna frá öðrum styrktar og sjúkrasjóðum skal það dregið frá framangreindum greiðslum. Bótafjárhæðir miðast við vísitölu neysliverðs pr.apríl 2018 og taka sömu breytingum og hún.

e) Dagpeninga skv. stafliðum a), b) og c) og skv. stafliðum g) og h) í 16. gr. er heimilt að miða við meðaltal heildarlauna á síðustu 12 mánuðum í stað síðustu 6 mánaða, hafi tekjur sjóðfélaga breyst verulega til hækkunar eða lækkunar á viðmiðunartímabilinu. Heimilt er að reikna meðallaun dæmigerðra 6 mánaða innan 12 mánaða tímabils til grundvallar útreiknings dagpeninga.

Hámark dagpeninga skv. stafliðum a), b) og c), og skv. stafliðum g) og h) í 16. gr. er 542.246.kr. á mánuði. Þessi upphæð miðast við vísitölu neysliverðs pr.apríl 2018 og tekur sömu breytingum og hún.

f) Réttur skv. stafliðum a), b) og c) og staflið h) í 16. gr. endurnýjast á hverjum 12 mánuðum, hlutfallslega eftir því sem hann er nýttur, talið frá þeim degi sem dagpeningagreiðslum lýkur hverju sinni og greiðslur iðgjalda hefjast að nýju. Dagpeningar skulu greiddir mánaðarlega.

g) Dagafjöldi greiddra dagpeninga skv. staflið a) til þeirra sem greitt er hlutfallslega lægra iðgjald af en 1% er heimilt að skerða í sama hlutfalli og iðgjaldið er lægra en 1%.

14. grein. Geymd réttindi

a) Heimilt er að veita þeim sem gengst undir starfsþjálfun, sækir námskeið eða stundar nám í allt að 24 mánuði og hefur síðan aftur störf á samningssviði félagsins endurnýjaðan bótarétt þegar greitt hefur verið til sjóðsins í einn mánuð, hafi umsækjandi áður verið fullgildur sjóð- félagi. Sama gildir um þá sem hverfa frá vinnu vegna veikinda eða af heimilisástæðum.

b) Þeir sjóðfélagar sem fara í lögbundið fæðingarorlof halda áunnum réttindum sínum hefji þeir þegar að loknu fæðingarorlofi aftur störf á samningssviði félagsins, enda ákveði viðkomandi að viðhalda rétti sínum með greiðslu félagsgjalds í fæðingarorlofi.

c) Félagsstjórn er heimilt að veita sjóðfélagi, sem verið hefur atvinnulaus en greitt hefur félagsgjald af atvinnuleysisbótum og greitt hafði félagsgjald til félagsins tilskilinn lágmarkstíma samkvæmt 12. grein áður en hann varð atvinnulaus, rétt til dagpeninga og styrkja.

15. grein. Samskipti sjúkrasjóða

Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga úr sjúkrasjóði eins verkalýðsfélags innan ASÍ, öðlast þann rétt hjá sjúkrasjóði Verk Vest eftir að hafa greitt til sjóðsins í einn mánuð, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrri sjóðnum.

Starfi umsækjandi á fleiri en einum vinnustað og hafi verið greitt í fleiri en einn sjúkrasjóð þegar sótt er um greiðslu, skal umsækjandi greina frá því í hvaða sjúkrasjóði hann hefur greitt og er heimilt að fresta greiðslu bóta þangað til fyrir liggur staðfesting annarra sjúkrasjóða á því að umsækjandi hafi ekki sótt um greiðslur þaðan. Sjúkrasjóður Verk Vest skal leita slíkrar staðfestingar og gefa síðan öðrum sjúkrasjóðum yfirlit yfir þær bætur sem greiddar eru vegna umsækjandans, tegund og fjárhæð bóta.

16. grein. Aðrir styrkir

a) Fæðingarstyrkur

Sjóðfélagi sem greitt hefur verið af til sjóðsins síðustu 6 mánuði fær greiddan fæðingarstyrk sem nemur kr. 80.000. enda sé greitt iðgjald til félagsins af viðkomandi í fæðingarorlofi. Heimilt er að veita styrk vegna ættleiðingar barns skv. þessari grein.

b) Glasa og tæknifrjógungun

Sjóðurinn greiðir styrk vegna glasa- eða tæknifrjógungunar/tæknisæðingar allt að tvisvar sinnum til sjóðfélaga sem greitt hefur verið af til sjóðsins síðustu 6 mánuði. Greitt er allt að kr. 120.000. í fyrra skipti og kr. 60.000. í síðara skiptið en þó að hámarki 50% af kostnaði.

c) Dvöl á heilsustofnun

Sjóðfélagi sem greitt hefur verið af til sjóðsins síðustu 6 mánuði á rétt á styrk vegna dvalar á Heilsustofnun í Hveragerði. Styrkupp hæð er að hámarki kr. 3.300.- á dag í allt að 4 vikur. Umsókn skal fylgja læknisvottorð frá þeim lækni sem sendi viðkomandi til dvalarinnar og dagsett kvittun frá Heilsustofnun.

d) Krabbameinsleit

Sjóðurinn endurgreiðir sjóðfélögum kostnað að fullu vegna krabbameinsleitar/hópleitar, hafi verið greitt af þeim til sjóðsins síðustu 6 mánuði.

e) Krabbameinsskoðun – framhaldsskoðun

Sjóðfélagi sem greitt hefur verið af til sjóðsins síðustu 6 mánuði á rétt á styrk allt að kr. 10.000.- í eitt skipti á hverjum 12 mánuðum, þó ekki meira en 100% af kostnaði.

Styrkur er veittur vegna framhaldsrannsókna hjá Krabbameinsfélaginu og vegna blóðruhálsskoðana karla eða ristilsskimunar/speglunar.

f) Jólaglaðningur

Í desembermánuði ár hvert skal verja, samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar hverju sinni, ákveðinni upphæð til félagsmanna sem eru orðnir eða verða 70 ára á almanaksárinu og eru hættir störfum og greiddu til félagsins við starfslok.

g) Viðtalsmeðferðir

Styrkur vegna viðtalsmeðferðar hjá sálfræðingi, geðhjúkrunarfræðingi, félags- eða fjölskylduráðgjafa. Miðað er við að meðferðaraðili falli ekki undir afsláttarkjör hjá Tryggingastofnun, svo sem eins og t.d.

á við um geðlækna. Greitt er allt að kr. 5.000.- fyrir hvert skipti vegna sjóðfélaga sem greitt hefur verið af til sjóðsins næstliðna 6 mánuði. Þó er aldrei greitt meira en sem nemur 50% af kostnaði í allt að 12 skipti á hverjum 12 mánuðum.

Styrkupp hæðir samkvæmt 16. grein að undanskildum f lið miðast við félagsgjöld af lágmarkslaunum fyrir fullt starf. Þeir sem eru í hlutastarfi og greiða lægra en 50% félagsgjald samkvæmt því viðmiði fá 50% styrk.

Fjárhæðir styrkja samkvæmt 16. grein taka mið af vísitölu neysluverðs og uppfærast í júní ár hvert.

Stjórn er heimilt að afnema styrki samkv. 16.gr tímabundið krefjist fjárhagsafkoma sjóðsins þess.

Dagpeningar vegna meðferðar

g) Vegna meðferðar út af áfengis-, spila- eða fíkniefnasýki sjóðfélaga greiðast að lokinni meðferð dagpeningar í mest 8 vikur, einu sinni á hverjum þremur árum. Greiða skal 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum. Um dagpeninga vegna meðferðar gilda e) og g) liðir 13. gr.

Dagpeningar vegna meðgöngu

h) Sé móður nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að vera frá vinnu á fyrstu 7 mánuðum meðgöngutímans skal hún eiga rétt á dagpeningum eins og um veikindi væri að ræða. Í tilvikum sem ekki uppfylla skilyrði 4. mgr. 17. gr. laga nr. 95/2000, er heimilt að greiða dagpeninga á 9. mánuði meðgöngu. Greiða skal 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum. Um dagpeninga vegna meðgöngu gilda e), f) og g) liðir 13. gr.

17. grein. Styrkir – iðgjaldatengdir

Iðgjaldatengdir styrkir eru greiddir til félagsmanna allt að tvisvar sinnum á hverjum 12 mánuðum. Hámarksupphæð á hverju 12 mánaða tímabili er kr. 24.000.

Upphæðir skal miða við 50% af útlögðum kostnaði skv. reikningi, að hámarki 60% af iðgjöldum viðkomandi í sjúkrasjóð síðustu 12 mánuði að frádregnum styrkjum sem greiddir hafa verið til viðkomandi sjóðfélaga síðustu 12 mánuði.

Greiddir eru iðgjaldatengdir styrkir til félagsmanna vegna eftirfarandi:

- a) Líkamsræktar og heilsueflingar.
- b) Myndatöku og rannsókna vegna sjúkdóma og slysa.
- c) Hjálpartækja s.s. gleraugna og heyrnartækja
- d) Sjónlagsaðgerðir/Augasteinaaðgerðir
- f) Sjúkrabjálfunar, sjúkranudds, kírópraktor
- g) Tannlækninga

Sjóðfélagi sem látið hefur af störfum vegna aldurs eða örorku og greitt var af til sjóðsins a.m.k síðasta árið fyrir starfslok getur nýtt áunnin réttindi sem hann átti við starfslok á næstu 2 árum.

Fjárhæðir styrkja samkvæmt 17. grein taka mið af vísitölu neysluverðs og uppfærast í júní ár hvert.

Stjórn er heimilt að afnema styrki samkvæmt 17. Gr. tímabundið krefjist fjárhagsafkoma sjóðsins þess.

18. grein. Fyrning bótaréttar

Réttur til dagpeninga í veikinda- og slysaforföllum skv. gr. 13 a) lið og d) lið fyrnist sé hans ekki vitjað innan tólf mánaða frá því að bótaréttur skapaðist.

Umsóknir vegna styrkja skv. 16. og 17. gr. skulu berast innan 12 mánaða frá útgáfudegi reiknings. Réttur til styrkja skv. reglugerð þessari fellur að öðru leyti niður sé þeirra ekki vitjað innan 12 mánaða frá því rétturinn stofnaðist.

19. grein. Greiðslur úr sjóðnum

Engar greiðslur úr sjóðnum aðrar en áður hafa verið taldar eru heimilar nema til komi samþykki félagsfundar og enga upphæð má greiða úr sjóðnum nema eftir bókaðri ákvörðun sjóðsstjórnar.

20. grein. Lausn undan greiðsluskyldu

Þegar farsóttir geisa getur félagsfundur, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, leyst sjóðinn frá greiðsluskyldu um stundarsakir. Félagfundur getur einnig, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, ákveðið að lækka dagpeninga um stundarsakir ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin.

21. grein. Bókhald og endurskoðun

Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram áritaðir af félagslegum skoðunarmönnum og löggiltum endurskoðanda fyrir aðalfund félagsins. Halda skal bókhaldi sjóðsins aðskildu frá öðrum fjárreiðum félagsins. Endurskoðun ber að framkvæma af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi í samræmi við góða endurskoðunarvenju sem í gildi er á hverjum tíma.

Í ársreikningi eða skýringum með honum skal sundurliða sérstaklega kostnað vegna hvers og eins bótaflokks skv. 13. gr.

Um bókhald, reikninga og endurskoðun fer að öðru leyti skv. viðmiðunarreglum um bókhald og ársreikninga stéttarféлага og landssambanda sbr. 3. mgr. 44.gr. laga ASÍ eins og þær reglur eru á hverjum tíma.

22. grein. Úttekt óháðra eftirlitsaðila

Ár hvert, eigi síðar en 31. maí, skulu endurskoðaðir ársreikningar sjóðsins sendir skrifstofu ASÍ. Fimmta hvert ár að minnsta kosti skal stjórn sjóðsins fá tryggingafræðing eða löggiltan endurskoðanda til þess að meta framtíðarstöðu sjóðsins og semja skýrslu til stjórnar um athugun sína. Stjórn sjóðsins skal senda miðstjórn ASÍ úttekt þessa með ársreikningi sjóðsins.

Við mat á framtíðarstöðu sjóðsins skal tilgreina rekstrarkostnað, ávöxtun sjóðsins og hvort sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Sérstaka grein skal gera fyrir áhrifum á afkomu sjóðsins vegna ákvarðana skv. stafliðum c, og d í 13. gr. og stafliðum a, b, og f í 6. gr. Ennfremur vegna iðgjaldatengdra styrkja. Geti sjóðurinn ekki staðið við skuldbindingar sínar skv. niðurstöðu úttektarinnar ber stjórn sjóðsins að leggja fyrir aðalfund tillögu að breytingu á reglugerð sem tryggir að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

23. grein. Ávöxtun sjóðsins

Sjóðurinn ávaxtast í fasteignum sem félagið er eigandi að og í innlánskírteinum og skuldabréfum með bæjar- eða ríkisábyrgð, þó svo að ávallt sé handbært í almennum innlánsreikningum nægjanlegt fé til árlegra útgjalda.

24. grein. Endurgreiðsla iðgjalda

Iðgjöld til sjóðsins endurgreiðast ekki.

25. grein. Upplýsingaskylda

Framkvæmdastjórn sjóðsins er skylt að upplýsa sjóðsfélaga um rétt þeirra til aðstoðar sjóðsins á aðgengilegan hátt m.a. með útgáfu bæklinga, dreifirita og/eða á heimasíðu félagsins.

Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar, leynir eða lætur hjá líða að tilkynna um breytingar á högum sínum eða heilsu sem áhrif hefur á réttindi að fullu eða hluta samkvæmt þessum starfsreglum missir rétt til bóta úr sjóðnum vegna þess tilviks sem um ræðir. Heimilt er að endurkrefja bótaþega um þegar greiddar bætur/dagpeninga sem aflað er með sviksamlegum hætti auk dráttarvaxta.

Áður en félagsmaður er sviptur bótarétti skal veita honum rétt til andmæla. Tilkynna skal félagsmanni með sannanlegum hætti ef hann er sviptur bótarétti.

26. grein. Starfsendurhæfing

Stjórn sjóðsins telur æskilegt og hvetur sjóðsfélaga er verið hafa frá vinnu vegna slysa eða veikinda að mæta í minnsta kosti eitt viðtal hjá Virk, starfsendurhæfingu.

27. grein. Breytingar á reglugerð

Reglugerð þessari má aðeins breyta á aðalfundi Verkalýðsfélags Vestfirðinga með meirihluta greiddra atkvæða. Geta skal þess í fundarboði, ef stjórn félagsins hyggst leggja breytingar fyrir fundinn. Allar breytingar á reglugerð þessari skulu sendar skrifstofu A.S.Í. samkvæmt 2. málsgrein 42. greinar laga Alþýðusambands Íslands.

Þannig samþykkt á aðalfundi Verkalýðsfélags Vestfirðinga 5. júní 2018.

Sjúkrasjóður - Leiðbeiningar um umsóknir

Umsóknir

Umsóknir þarf að fylla rétt út. Starfsmaður Sjúkrasjóðs hefur ekki heimild til að afgreiða umsóknir nema þær séu rétt út fylltar og öll nauðsynleg fylgiskjöl, s.s. læknisvottorðo.s.frv. liggi fyrir. Rétt út fylltar umsóknir og fylgigögn þurfa að berast á réttum tíma að öðrum kosti frestast afgreiðsla til næstu úthlutunar.

- Umsóknir um dagpeninga og bætur þurfa að berast fyrir 20. hvers mánaðar.
- Umsóknir um styrki (heilsurækt, hjálpartæki osfrv.) þurfa að berast fyrir annan og fjórða föstudag hvers mánaðar.
- Dagpeningar eru greiddir út mánaðarlega, síðasta virka dag hvers mánaðar.

- Styrkir eru greiddir út annan hvern föstudag (annan og fjórða föstudag í mánuði) og berist umsóknir eða gögn vegna umsókna of seint bíður greiðsla vegna umsóknarinnar í tvær vikur.
- Ekki eru gerðar undantekningar á greiðsludögum nema ljóst sé að starfsmenn félagsins hafi gert mistök og að þess vegna hafi greiðsla ekki verið innt af hendi.

Samskipti

Umsækjendur um dagpeninga eða styrki úr sjúkrasjóð félagsins geta fengið leiðbeiningar og aðstoð á skrifstofum félagsins.

Að auki veitir starfsmaður Sjúkrasjóðsins upplýsingar og svarar fyrirspurnum á netfangið: sjukrasjodur@verkest.is, eða í síma 456 5190.

Eyðublöð

Eyðublöð má að nálgast á skrifstofum félagsins og á heimasíðu félagsins www.verkest.is. E yðublað þarf að fylla út og skila undirrituðu á skrifstofu félagsins.

Gögn

Nauðsynleg gögn verða að liggja fyrir til að sjóðfélagi geti fengið greitt úr sjóðnum. Þessi gögn eru:

- a) Styrkir: Sundurliðaðir reikningar með nafni umsækjanda sem sannanlega eru greiddir. Á reikningunum þarf að vera útgáfudagur reiknings, áritun/stimpill/merki þess er gefur reikninginn út með upplýsingum um nafn, starfsheiti, kennitölu og heimilisfang eða símanúmer.
- b) Styrkir: Upplýsingar um fjöldi skipta og dagsetningar meðferða eða kaupa á vöru eða þjónustu sem aðeins sjóðfélagi hefur nýtt sér skal koma fram á reikningi.
- c) Dagpeningar: Nýtt læknisvottorð á íslensku skal fylgja. Sjóðurinn endurgreiðir umsækjanda læknisvottorð sé umsókn hans gild og tekin til greina.
- d) Dagpeningar: Staðfesting atvinnurekanda á starfshlutfalli og starfstíma og að veikindaréttur sé tæmdur og launagreiðslum frá atvinnurekanda sé lokið.

Réttur til dagpeninga í veikinda- og slysaforföllum fyrnist sé hans ekki vitjað innan tólf mánaða frá því að bótaréttur skapaðist.

Umsókn vegna styrkja skal berast innan 12 mánaða frá útgáfudegi reiknings.

Sjóðurinn áskilur sér rétt til að óska eftir frumriti reiknings sem áður hefur verið sendur til sjóðsins, áður en útborgun á sér stað.

Persónuupplýsingar

Fylla skal út í alla reiti um persónuupplýsingar. Nauðsynlegt er að gefa upp símanúmer / farsíma (GS M) og netfang hafi viðkomandi slíkt – en það auðveldar starfsmanni félagsins öll samskipti við umsækjenda.

Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Með undirskrift umsóknar um bætur veitir félagsmaður félaginu rétt til þess að afla frekari gagna sem afgreiðsla umsóknarinnar getur byggt á.

Gefi umsækjandi rangar eða villandi upplýsingar sem áhrif geta haft á réttindi getur viðkomandi misst rétt til bóta úr sjóðnum. Heimilt er að endurkrefja bótaþega um þegar greiddar bætur/dagpeninga sem aflað er með sviksamlegum hætti.

Bankareikningur

Umsækjendum er bent á að fylla út númer banka, höfuðbókarnúmer og reikningsnúmer. Þar sem greiðslur sjúkrasjóðs eru færðar rafrænt valda rangar upplýsingar um reikningsnúmer því að greiðsla til viðkomandi er ekki greidd á réttum tíma. Í því tilfalli þarf viðkomandi að bíða í tvær vikur þar til greiðslur sjúkrasjóðs eru greiddar næst.

Sé umsækjandi í óvissu um bankanúmer eða höfuðbókarnúmer, aðstoðar starfsfólk bankans eða félagsins viðkomandi að finna nauðsynlegar upplýsingar.

Óheimilt er að greiða dagpeninga eða styrki inná bankareikning á nafni annars en umsækjanda nema fyrir liggi umboð félagsmanns staðfest af vottum.

Vinnustaðir.

Því miður getur verið misbrestur á skilum fyrirtækja á sjúkrasjóðsiðgjöldum. Því er nauðsynlegt að skrá vinnustað síðustu mánuði á umsókn, en þá er auðveldara að kanna skil iðgjalda vegna viðkomandi sjóðsfélaga. Ennfremur er æskilegt að umsækjendur hafi launaseðla sína tiltæka ef koma í ljós vanskil sjóðagjalda. Launaseðlar eru jafngildi greiðslukvittana iðgjalda fyrir viðkomandi sjóðsfélaga.

Vottorð atvinnurekanda

Ekki er unnt að greiða út sjúkradagpeninga úr Sjúkrasjóði félagsins nema fyrir liggi staðfesting atvinnurekanda á að launagreiðslum fyrirtækisins vegna veikindaréttar sé lokið. Eyðublað vegna þessarar yfirlýsingar er á þessari síðu – sjá Vottorð atvinnurekanda um starfstíma.

Læknis vottorð

Við umsókn um sjúkradagpeninga verður að leggja fram fullgilt læknisvottorð á íslensku. Ef læknisvottorðið er tímabundið er umsækjenda bent á að endurnýja það og koma til Sjúkrasjóðs standi óvinnufærni lengur en upphaflegt vottorð sagði til um. Læknisvottorð eldri en 3ja mánaða eru ekki tekin gild þegar sótt er um sjúkradagpeninga eða bætur. Sjúkrasjóður greiðir kostnað við endurnýjun vottorða.

Aðrir Sjúkrasjóðir ASÍ félaga

Vegna samninga um réttindaflutning milli sjúkrasjóða AS Í félaga er nauðsynlegt að geta um greiðslur annarra sjúkrasjóða ASÍ félaga.

Mismunandi réttur

Réttur félagsmanna Verk Vest til sjúkradagpeninga getur verið mismunandi eftir því hvaða kjarasamningi starfsmaðurinn fær greitt.

Dagpeningagreiðslur eru þær sömu (80% af heildarlaunum sambr. meðaltal síðustu 6 mánaða – sjá reglugerð Sjúkrasjóðs eða að ákveðnu hámarki sem breytist samkvæmt vísitölu neysluvrö), en dagafjöldi getur verið breytilegur.

Þessi mismunur byggir á mismunandi iðgjaldi sem greitt er til sjúkrasjóðsins eftir því hvaða kjarasamningi er unnið eftir – og mismunandi veikindarétti hjá þeim fyrirtækjum og stofnunum sem unnið er hjá. Almenn er veikindaréttur mun lengri hjá sveitarfélögum og ríkisstofnunum en á almenna markaðnum og réttur hjá sjúkrasjóði félagsins því styttri.

Í grein 13.a í reglugerð Sjúkrasjóðs Verk Vest er við það miðað að réttur sé 120 dagar og miðast það við að greitt sé 1% af heildarlaunum félagsmanns til sjúkrasjóðsins. Í grein 13.g segir að þessir dagar skerðist í sama hlutfalli við lægra iðgjald.

Réttur félagsmanna Verk Vest til sjúkradagpeninga er því eftirfarandi:

Félagsmenn á almenna markaðnum (verkafólk, iðnaðarmenn og verslunarmenn) 120 dagar.

Sjómenn 120 dagar.

Félagsmenn er starfa hjá Ríkinu 90 dagar.

Félagsmenn er starfa hjá sveitarfélögum 40 dagar.

Aðalskrifstofa Verkalýðfélag Vestfirðinga
er í Hafnarstræti 9 á Ísafirði 3 hæð



Á Ísafirði er opið alla virka daga frá kl.8:00-16:00
postur@verkvest.is – sjukrasjodur@verkvest.is

Á Patreksfirði er opið alla virka daga frá
kl.10:00-16:00 - patro@verkvest.is

Sími 456 5190